



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

RÁÐSTEFNA EVRÓPSKRA BORGNA UM EITURLYFJAVANDANN

KVÖLDVERÐUR Í BOÐI KONUNGSHJÓNA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson hélt í morgun áleiðs til Noregs þar sem hann tekur þátt í ráðstefnu um samstarf evrópskra borga í baráttunni við fíkniefnavandann. Forsetinn flytur ræðu við setningu ráðstefnunnar í Osló í fyrramálið, fimmtudaginn 26. maí. Meðal viðfangsefna ráðstefnunnar eru umfjöllun um vaxandi útbreiðslu eiturlyfja í Evrópu, skipulagða alþjóðlegra glæpastarfsemi og vaxandi hörku og ofbeldi sem beitt er við sölu eiturlyfja í evrópskum borgum.

Einnig verður fjallað um hvaða aðferðir hafa dugað best í forvarnarstarfi og hvernig fræðsla í skólum og stuðningur við heilbrigt fjölskyldulíf geta forðað unglingum frá því að verða fórnarlömb fíkniefna.

Á ráðstefnunni verður m.a. greint frá baráttunni við fíkniefnavandann og umsvifum skipulagðra glæpahringa í Rússlandi og Austur-Evrópu. Þá verður einnig greint frá reynslu Reykjavíkurborgar af skipulagðri fræðslu í grunnskólum, hvernig hún hefur skilað jákvæðum árangri og hvað lærdóma aðrar borgir geta dregið af henni.

Ráðstefnuna sitja um 200 þátttakendur víða að úr Evrópu, borgarstjórar, borgarfulltrúar, stjórnendur á sviði skóla og velferðarmála ásamt sérfræðingum á sviði löggæslu og forvarna. Meðal þátttakenda er Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri í Reykjavík.

Í kvöld bjóða Haraldur Noregskonungur og Sonja drottning forsetahjónunum að snæða með sér kvöldverð á Konungssetrinu, en þar hefur Haraldur konungur dvalið í veikindum sínum.

Ráðstefnunni lýkur á föstudaginn.

25. maí 2005

Nánari upplýsingar um ferð forseta til Noregs veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028).